

SJÖ GÓÐAR HUGMYNDIR AÐ KYNNINGARÁTÖKUM

Byggt á alvöru reynslu skátafélaga



1. Skólakynningar

Undanfarin ár hafa skólar í nokkrum sveitarfélögum aftur farið að hleypa íþrótt- og æskulýðsfélögum í skóla að kynna starfsemi sína fyrir ungmennum. Sumir skólar leyfa kynningar á sal og aðrir kynningar í bekkjum, enn aðrir halda dag þar sem ólík félög geta verið með bása og kynnt starfið sitt. Þá eru dæmi um að skólar hafi leyft ungmennunum sjálfum að kynna fyrir hönd sinna félaga.

Til að komast í skólakynningar verður maður að reyna, það þarf að tala við skólann og kanna í hvaða mynd sé hægt að kynna, stundum þarf jafnvel að tala við fulltrúa hjá sveitarfélaginu. Stuðningsmaður sveita SSR og erindrekar hafa liðsinnt ýmsum félögum við að fá að kynna í skólum. Það hefur alltaf tekist í einhverri mynd og árangurinn hefur verið mjög góður hjá dreka- og fálkaskátum en aðeins misjafnari eftir skátafélögum hjá dróttskátum.

Í skólakynningum er gott að kynna starfsemi skátafélagsins sjálfs í stað þess að reyna að kynna skátastarf og skátahreyfinguna eins og hún leggur sig. Það hefur gefið góða raun að segja hverju aldursbili fyrir sig hvers það má vænta á komandi starfsári. Hvernig ferðir og útilegur verður farið í, hversu oft, hvað geta þau valið að gera á fundunum. Þannig byggja þau sér ekki upp óraunhæfar vonir um flyfox og klifurveggi á hverjum einasta skátafundum. Þá mælum við með því að krakkarnir [fái dreifirit](#) að kynningu lokinni með fundartímum þar sem skýrt er tekið fram hvaða aldur tilheyrir hvaða aldursbili og vísað er til heimilisfangs, símanúmers/tölvupósts og vefsvæða skátafélagsins. Þá má líka skilja eftir [plaggat](#) í skólanum

2. Innritunar og kynningardagur

Mörg félög hafa aftur tekið upp á að halda innritunar- og kynningardag áður en vikulega fundarstarfið hefst hjá skátafélaginu. Þangað mætir stjórnin, starfsmaður, baklandið, skátaforingjarnir, ungmenni sem vilja taka þátt og forráðamenn þeirra og hefur þetta gefið mjög góða raun.

Fyrir öll þau sem hafa starfað með félaginu áður er þetta tækifæri til að hittast við afslappaðar kringumstæður og forráðamenn skáta til að tengja andlit við nöfn sem þau hafa heyrt margoft frá börnum sínum. En fyrir þau sem eru ný er þetta tækifæri fyrir þau til að kanna umhverfið og kynna skátaforingjum síns aldursbils sem byggir upp öryggi hjá þeim áður en þau mæta í fyrsta sinn. Einnig finnst foreldrum nýrra skáta oft gott að geta hitt fólkið sem það er að treysta fyrir börnum sínum.

Á innritunar- og kynningardegi er gott að hafa einhverjar stöðvar innanhúss og utan þar sem eitthvað fer fram s.s. varðeldur, leikir og þrautir sem ungmennin geta spreytt sig á en líka tryggja að fólk sé laust við til að taka á mót og gefa sig að ungmennum og foreldrum og gefa þeim sem þurfa [upplýsingar](#) með sér heim.



3. Markpóstur

Skátafélagið Vífill sendi á liðnu ári markpóst inn um bréflúgu forráðamanna sem áttu ungmenni á þátttökualdri en félaginu fjölgaði síðan talsvert frá árinu þar á undan. Til að senda markpóst þarf skátafélagið að skilgreina vissan hóp og senda umsókn til Þjóðskrár um að fá upplýsingar um þann hóp og skýra hvernig félagið hyggst nýta þær upplýsingar.

Markpóstur getur nýst skátafélögum til að auglýsa sig t.d. gagnvart stökum árgöngum sem skortir alveg í skátafélagið eða eingöngu innan viss aldursbils.

Hafi skátafélagið áhuga á að skoða að senda markpóst býður Skátamiðstöðin fram aðstoð og getur tengt skátafélagið við aðila sem hefur heimild til uppflettingar í Þjóðskrá og tengsl við aðila sem getur prentað kynningarefnið fyrir skátafélagið. Vinsamlegast [smellið hér](#) ef áhugi er til staðar fyrir slíku.

4. Hverfahátíðar

Í mörgum hverfum og sveitarfélögum fara fram allskyns hverfahátíðar þar sem skátafélögum gefst tækifæri að taka þátt og auka sýnileika innan síns starfsvæðis. Þetta geta verið stórar hátíðar á vegum íþrótt- og æskulýðsfélaga en einnig minni viðburðir ætlaðir ungmendum á þátttökualdri í skátastarfi. Skátafélögin taka gjarnan þátt í slíkum hátíðum í fjáröflunarskyni og gleym að nýta tækifærið til að kynna sig.

Skátafélög geta miðað inn á svona samkomur sérstaklega í upphafi haust- og vorannar, verið með skemmtilega dagskrá sem fræðir þátttakendur um starfið þeirra og haft við hendi [dreifirit](#) fyrir áhugasama.

5. Samfélagsmiðlaherferð

Nokkur skátafélög hafa fileflt viðveru sína á samfélagsmiðlum. Þau eru dugleg að leyfa fólki að fylgjast með gegnum sögu á instagram reikningi, og setja reglulega skemmtilegt efni og upplýsingar um hvað sé að gerast í starfinu á vegginn sinn. Sum hafa kostað auglýsingar gegnum samfélagsmiðla til að ná til ungmenna og önnur sagt frá mannauðinum í sínu skátafélagi.

Ef skátafélagið notar myndefni úr eigin starfi má auðveldlega þróa þema fyrir litla samfélagsmiðlaherferð sem uppfyllir skilyrði persónuverndar. Það gæti jafnvel verið til að ná til fleiri drótt-, rekka- eða róverskáta og fullorðinna sjálfboðaliða. Hægt er að virkja skáta og forráðamenn með í slíkri herferð til að dreifa efninu um.

Hafi skátafélagið þitt áhuga á að skoða slíkt og fá ráðgjöf og stuðning starfsfólks og sjálfboðaliða BÍS biðjum við þig að [smella hér](#).



6. Vinafundir og vinaútilegur

Þegar starfið er farið af stað hafa ýmis félög reynt vinafundi og vinaútilegur. Þá bjóða skátarnir jafnöldrum sínum sem þau þekkja vel að koma með sér í dagskrá hjá skátunum.

Mörg skátafélög leyfa og hvetja skátana sína til að taka vini með á fundi, en þegar þau koma fellur oft milli þilja að taka almennilega á móti þeim og erfitt er fyrir þau nýju að setja sig inn í dagskrár fundarins og jafnvel fá þau ekki tækifæri til að kynnast hinum í sveitinni. Þá fá þau engar upplýsingar með sér heim og ungmennið skilur ekki eftir neinar tengiliðsupplýsingar svo hægt sé að bjóða því formlega að vera með eftir fundinn.

Því getur oft verið betra að ákveða einhvern fund fyrirfram þar sem skátarnir mega taka með sér vin. Á þeim fundi er dagskrá sem tekur mið af því að mörg ný verði á fundinum, foringjar undirbúa sig í að taka vel á móti nýjum þátttakendum og í lok fundar fá gestirnir upplýsingar með sér heim um hvernig þau geti haldið áfram ef áhuginn er til staðar.

Með eldri aldursbil hefur þetta gefið góða raun í útilegum. Þá er samt algjörlega nauðsynlegt að forráðamenn gesta fái góðar upplýsingar áður en farið er í ferðina og skrái gestina í viðburðarskráningarkerfi Nóra eða Sportabler.

7. Virkja ungmennin í kynningarstarfi

Þegar við tölum um kynningarstarf hættir okkur við skipuleggja okkur þannig að eingöngu foringjar og stjórnarfolk sjái um þær. En í öllum dæmum sem tekin eru hér að ofan eru dæmi um að skátar allt niður í fálkaskátaaldur hafi tekið þátt með glæsibrag.

Í Vífli fóru ungar stúlkur með kynningarefni í bekkinn sinn og fengu marga með sér í skátana. Í segli komu fálka- og dróttskáti með í bekkjarkynningar. Á innritunar- og kynningardögum er lykilatriði að þau sem hafa starfað áður komi og blandi geði við þau nýju til að þeim líði velkomnum. Á hverfahátíð mættu fálka- og dróttskátar í Garðbúum og sáu um uppsetningu, leiki og þrautir sem önnur ungmenni tóku síðan þátt í. Í Fossbúum voru fálkaskátar sem bjuggu til efni fyrir #Stuðkví verkefnið og í Svönum, Ægisbúum, Garðbúum, Landnemunum, Kópum og eflaust fleiri félögum hafa dreka-, fálka-, drótt- og rekkaskátar boðið vinum með sér á skátafundi, útilegur og jafnvel skátamót með þeim afleiðingum að þau byrjuðu í skátunum.

Stór þáttur í skátastarfinu er valdefling ungmenna þar sem við virkjum orku og ímyndunarafli ungs fólks. Gleymum ekki að hafa þau með þegar við viljum ná til annars ungs fólks.

